IÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ
ARNARHVOLI, REYKJAVÍK.

Erindi nr. 116 / 495
komudagur 7 / 12 1992

Efnahags- og viðskiptanefnd
150 Alþingi

| TILV. RÁÐUNEYTIS | DAGS. |
|---|---|
| I/611 | 4.12.1992 |

Ráðuneytið fer þess hérmeð á leit við háttvirta efnahags- og viðskiptanefnd að frumvarpi til lánsfjáráætlunar verði breytt til samræmis við meðfylgjandi óskir Landsvirkjunar. Fyrirtækið hefur nú endurskoðað fjárhagsáætlun sína fyrir 1993 og leiðir sú endurskoðun til breytinga á lánsfjárþörf fyrirtækisins.

F. h. r.

Hjálagt: Bréf Landsvirkjunar
dags. 3.12.1992

Afrit:
Fjármálaráðuneytið
Fjárlagaskrifstofa

Fjárlaganefnd, Alþingi.

D 497 Gutenberg

# LANDSVIRKJUN

Iðnaðarráðherra
Jón Sigurðsson
Iðnaðarráðuneytið
Arnarhvoli

150 REYKJAVÍK

HÁALEITISBRAUT 68
103 REYKJAVÍK
SÍMNEFNI: LANDSVIRKJUN
SÍMI: (91) 600700
MYNDRITI: (91) 687469
FJARRITI: 2054

| TILV.YÐAR | TILV.VOR | DAGS. |
|---|---|---|
| | F 010&102 | 03.12.1992 |

Landsvirkjun sendi yður, hæstvirtur iðnaðarráðherra, með bréfi, dags. 11. ágúst sl., bráðabirgðaáætlun um framkvæmdir og virkjanarannsóknir Landsvirkjunar á árinu 1993 að fjárhæð 730 m.kr. miðað við verðlag og gengi í janúar 1992. Þessi fjárhæð var tekin óbreytt inn í frumvarp til lánsfjárlaga fyrir árið 1993 auk 6.720 m.kr. miðað við gengi í september 1992, sem áætlaðar voru til að standa undir afborgunum eldri lána á árinu 1993. Samtals nemur því lántökuheimild Landsvirkjunar samkvæmt lánsfjárlaga-frumvarpinu 7.450 m.kr.

Stjórn Landsvirkjunar samþykkti í dag endurskoðaða áætlun um framkvæmdir og virkjanarannsóknir fyrirtækisins á árinu 1993 og fylgir hún með þessu bréfi, dags. 30. nóvember sl. Nemur áætlunin nú 424 m.kr. og lækkar því um 306 m.kr. frá fyrri áætlun. Ástæður fyrir þessari lækkun eru annars vegar að virkjanarannsóknir eru lækkaðar um 209 m.kr. og hins vegar eru ýmsar framkvæmdir í rekstri s.s. vegna sandrása í Búrfelli lækkaðar um 97 m.kr. Við þessar breytingar var höfð í huga hin þrönga fjárhagsstaða sem Landsvirkjun býr við auk þess sem fært var að fresta ákveðnum framkvæmdum til seinni tíma. Þá eru sem stendur horfur í samningum um nýja stóriðju ekki slíkar að þær réttlæti rannsóknir í þeim mæli sem fyrirhugaðar voru á nýjum virkjunarkostum á árinu 1993.

Þá hefur Landsvirkjun endurskoðað þá fjárhæð sem fyrirtækið þarf á árinu 1993 til að standa undir afborgunum eldri lána og nemur sú fjárhæð 7.320 m.kr. miðað við gengi 30. nóvember sl.

Endurskoðuð lánsfjárþörf Landsvirkjunar fyrir árið 1993 er því sem hér segir:

| | **m.kr.** |
|---|---|
| Framkvæmdir og virkjanarannsóknir | 424 |
| Til að standa undir afborgunum eldri lána | 7.320 |
| | **7.744** |

Landsvirkjun fer þess hér með á leit, hæstvirtur iðnaðarráðherra, að þér beitið yður fyrir því að breyting verði gerð á 1. tl. 4. gr. frumvarps til lánsfjárlaga fyrir árið 1993 þannig að lántökuheimild Landsvirkjunar verði breytt úr 7.450 m.kr. í 7.744 m.kr. í samræmi við það sem rakið hefur verið hér að framan.

Virðingarfyllst

Halldór Jónatansson
forstjóri

Hjál.

LANDSVIRKJUN

30/11/92
Mál: 102

# Áætlun um framkvæmdir og virkjanarannsóknir Landsvirkjunar 1993

Verðlag 1993 (VBK=192,5)
Vextir 7,00%

| | Framkvæmdafé | | Vextir | | Alls | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | **Mkr** | **Mkr** | **Mkr** | **Mkr** | **Mkr** | **Mkr** |
| **Framkvæmdir** | | | | | | |
| Raðþéttir í Suðurlínu | 65 | | 2 | | 67 | |
| Liðavernd | 13 | | 0 | | 13 | |
| Hamranes (spennir, rofab.) | 8 | | 0 | | 8 | |
| Rafalar fyrir Búrfellsstöð | 220 | | 8 | | 228 | |
| Blönduvirkjun | 25 | | 1 | | 26 | |
| Fljótsdalsvirkjun | 2 | | 0 | | 2 | |
| Laxárvirkjun | 29 | **362** | 1 | **12** | 30 | **374** |
| **Virkjanarannsóknir** | 48 | **48** | 2 | **2** | 50 | **50** |
| **Samtals m.kr.** | | **410** | | **14** | | **424** |